



Hin fyrstu jól

Hin fyrstu jól
fór um hirðingjans ból
hópur engla, er lýsti
um nótt eins og sól.
Um frið á jörð,
þá fagnaðargjörð,
fengu sungið þeir herskarar
himna úr hjörð.
Ó hátíð og von, ó, hátíð og von.
Heilagur Jesús, guðs einkason.

Vér biðjum enn
um þá björgun senn
að bjarta við friðarslóð
haldi sig menn.
Sú vonanna sól
verði stjarnan um jól,
verði bæn vor og líf og um frið á hvert ból.
Ó hátíð og von, ó, hátíð og von.
Heilagur Jesús, guðs einkason.

